

fólk | stjörnuspa | leikhús | matur | fjölskylda | heilsa | tónlist

# birta

segir sögur

ÁLFHEIÐUR  
BJARNADÓTTIR

» Nóg til af peningum í landinu

MATUR

» Fallegt grænmeti fyrir augað

TÍSKA

» Rauðir kjólar





Benedikt Erlingsson:

Mr. Skallagrímsson

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
12. maí - 18. maí



# NEXT SPRINGUR ÚT





HÖFUM OPNAÐ  
NÝJA OG GLÆSILEGA  
VERSLUN Í KRINGLUNNI  
VERIÐ VELKOMIN



NEXT

KRINGLUNNI

551 3200



# Þú Group

Við lítum á viðskiptavinum okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fái alltaf það besta sem er í boði. Það er engin tilviljun að Sparisjóðurinn er með ánægðustu viðskiptavinina í bankakerfinu 7 ár í röð.

Við lögum okkur að þínum þörfum!




**SPARISJÓÐURINN**  
Vildarþjónusta



12



36



30



16

### Þetta helst

- 7 Nýtt líf
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Péturs R. Guðnasonar

### Viðt I

- 12 Benedikt Erlingsson: Mr. Skallagrímsson
- 16 Álfrheiður Bjarnadóttir: Standið ykkur

### Hann hún

- 22 Fallett grænmeti fyrir augað
- 30 Rauðir kjólar
- 34 Svöl sólgleraugu
- 36 Sigríður B. Tómasdóttir elur upp
- 36 Ferðast með börn
- 38 Börnin með í garðverkin
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Hollt eða ekki?
- 44 Lykillinn að værum blundi
- 46 Reiði

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

**birta**

12. maí – 18. maí 2006 nr. 19

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Sigríður Björg Tómasdóttir  
 sigridur@frettabladid.is  
 og Steinunn Stefánsdóttir (ábm.ö  
 steinunn@frettabladid.is  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is  
 Sölustjóri 550 5845 / 899 7600  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Markaðsfulltrúi 550 5854 / 866 0796  
 Greta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772  
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is  
 Markaðsfulltrúi 550 5811 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Kristín Agnarsdóttir, Einar Elí Magnússon, Arnór  
 Bogason og Linda Stefánsdóttir  
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FÖRSÍÐUMYND: Teitur  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



**NJÓTTU LÍFSINS**  
MEÐ **HEILBRIGÐUM**  
**LÍFSSTÍL**

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



**Skyr**



**FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA**

## Nýtt líf

Vorið er komið og allt er að vakna til lífsins eftir vetrardvalann. Fuglarnir syngja í trjámum sem eru að verða fagurgræn og ferðamenn eru farnir að sjást í bænum.

Merki nýs lífs má finna alls staðar. Í Húsdýragarðinum, sveitinni í borginni, fæðast lömb eins og í öðrum sveitum og borgarbörnin flykkjast í garðinn til þess að sjá undur lífsins. Litlu lömbin eru varla fædd þegar þau eru farnir að standa á eigin fótum og leita eftir spena móður sinnar til þess að fá þá næringu sem þau þurfa til þess að lifa af í heimi sem virðist alls ekki svo harður í fyrstu. Þessi undarlega blanda af varnarleysi og styrk vekur í senn umhyggju og aðdáun okkar auk þess sem ekki er annað hægt en að fyllast bjartsýni og trú á lífið. Á vorin þarf heldur ekki mikið að koma til svo við fyllumst bjartsýni. Hjá þjóð sem býr við myrkur og kulda stóran hluta ársins kemur trúin á betri tíma og batnandi líf bara sjálfkrafa með hækandi sól.

heitt & kalt |

**SÓLIN** Liggur í augum uppi þar sem yfirborðshiti hennar er rúmlega fimm þúsund gráður.

**VESTI** Sumarleg, létt og oft litrík og skemmtileg.

**FRJÓKORN** Sjá um að útbreiða flóru landsins en einnig að kvelja ofnæmis-sjúklinga.

**HVÍTIR BÍLAR** Verða óþolandi fljótt skitugir.

**TALA UM SJÁLFAH SIG Í ÞRIÐJU PERSÓNU** Sjálfelskt og fáránlega hallærislegt.



skemmtun »

## Tónar að leika

Svo virðist sem fleiri en einungis börnin lifni öll til lífsins með hækandi sól og fleiri leikstundum úti. Innlendir tónleikahaldarar eru heldur betur að sletta úr klaufunum um þessar mundir og virðast ætla að halda því áfram út sumarið. Strax í næstu viku verða þrír tónleikar með afar sykursætum og ljúfum tónlistarmönnun. Annars vegar heldur Joanna Newsom tvenna tónleika í Fríkirkjunni, ásamt kærastanum sínum Smog og Slowblow, og hins vegar heldur systradúettinn CocoRosie tónleika í Nasa. Á næstunni verður síðan haldin stór hátíð við Háskóla Íslands og forspraki Jethro Tull, Ian Anderson, heldur stórtónleika í Laugardalshöllinni. Sannarlega nóg um að vera á næstunni og vonandi að Íslendingar njóti þeirra.

## Samgöngur » Stólinn á hjólið

Hjólreiðar eru umhverfisvænn ferðamáti og mjög skemmtilegur. Nú þegar sumarið eða að minnsta kosti vorið er hafið fyrir alvöru er þjóðráð fyrir foreldra ungra barna að setja barnastól á reiðhjólið og fara að hjóla með litlu krílin í leikskólann. Hjóla svo í vinnuna og fá þannig góða líkamsrækt og spara bensínið. Svo er auðvitað skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna að fara í hjólreiðatúr á góðviðrisdegi, víða eru góðir hjólastígar sem er um að gera að nota.



sumartími »

## Blessuð sólin elskar allt

Loksins er komið sumar. Landinn vaknar af skammdegisþungum blundi, þírir augun móti sól og skríður úr holum sínum út í frelsi sumarsins. Bjartir geislar sólar og hlýir vindar feykja vetrarkrumpuðum vinnuárum hingað og þangað um bæi og sveitir, umhverfið lifnar við og iðar af mannlífi hvert sem litið er. Fyrir utan hvert kaffihús sitja þyrstir sumarmaurar, sem þjóra kalda drykki og banda frá sér geitungum og býflugum meðan sólin er sleikt. Léttklæddar þjónustustúlkur og piltar skottast um með salöt og sítrónuvatn og gangandi vegfarendur staldra við og kasta sumarkveðju á kaffihúsa-gesti meðan rjómaísinn er sleiktur. Já blessuð sólin elskar allt og allt með kossi vekur, líka útbörð á kaffihúsum.



## Ávextir » Ferskt og framandi



Sumarið er að koma og kominn tími á léttara mataræði. Ferskir ávextir og ber er tilvalin fæða þegar farið er að hlýna í veðri. Úrval ávaxta í verslunum hefur stórkæst upp á síðkastið og allir ættu að geta fundið eitthvað ferskt og framandi sem freistar þeirra.





# Ferð þú til **Rómar**

í boði Nicotinell og Lyfju?

Enn er tími til að skrá sig í átakið **Viðbúin, tilbúin, stopp** og slást í hóp þeirra rúmlega 800, sem þegar eru hættir eða hafa tekið ákvörðun um að hætta að reykja. Farðu inn á **vidbuin.is** og kynntu þér málið nánar. Heppinn þátttakandi vinnur lúxusferð til Rómar fyrir tvo og það gæti hæglega verið þú ef þú skráir þig í átakið, og ert sannanlega reyklaus 31. maí (**reyklausa daginn**), en þá verður Rómarferðin dregin út.



Skelltu þér á **vidbuin.is**  
og skoðu málið nánar!

**Nicotinell**<sup>®</sup>

 **LYFJA**



Pétur Rúnar Guðnason

## Úti að aka

Pétur Rúnar Guðnason er starfsmaður OgVodafone en hér á árum áður starfaði hann sem útvarpsmaður á FM 957 og Útvarpi Matthildi við góðan orðstír. „Þar var ég að gera góða hluti með væmna tónlist, þótt ég sé alls ekki væminn,“ útskýrir Pétur og glottir. Hann segist almennt vilja að tónlist sé aðgengileg. „Ég vil nefnilega helst ekki láta koma mér á óvart. Ég hef ekki tíma til að láta hlutina vinna á mér.“ Pétur ákvað lítið þema fyrir brennsluna að þessu sinni en hann valdi lög sem þægilegast væri að hlusta á í bílnum. Þar segist hann þó sjaldan lenda í deilum við eiginkonuna. „Nei nei, hún er sátt,“ segir Pétur, glaðbeittur að lokum.

<b>TRACK 1</b>	<b>Sufjan Stevens - John Wayne Gacy, Jr.</b> Þessi maður hefur aldeilis rutt sér inn í tóneyrað hjá mér með mögnuðu meistarastykki.
<b>TRACK 2</b>	<b>Paris Combo - Fibre de Verre.</b> Sumarlegur franskur smellur sem passar vel í sólarömbu.
<b>TRACK 3</b>	<b>OK Go - Do What You Want.</b> Þessi sveit er aðeins að dansa við sjóndeildarhringinn núna, hressandi víbrur.
<b>TRACK 4</b>	<b>Spilverk þjóðanna - Arinbjarnarson.</b> Sing-a-long dauðans!
<b>TRACK 5</b>	<b>Misty Oldland - A Fair Affair.</b> Meiri léttleiki og nokkur fortíðarþrá í þessu lagi sem heyrst alltof sjaldan á öldum ljósvakans.
<b>TRACK 6</b>	<b>Kraftwerk - Autobahn.</b> Heyrist undir stýri.
<b>TRACK 7</b>	<b>Lucky People Center - Sundance.</b> Missti að vísu af þeim þegar sveitin kom til Íslands, en lögin lifa.
<b>TRACK 8</b>	<b>Passengers - Always Forever Now.</b> Bono og félagar hafa löngum ratað yfir geislan í bílnum og svo verður áfram.
<b>TRACK 9</b>	<b>Pink Floyd - Echoes.</b> Meistarastykki sem er svona, jah, í lengri kantinum.
<b>TRACK 10</b>	<b>Isolee - Schrapnell.</b> Laufléttur taktur sem passar vel við beygjur og bugður (t.a.m. Hvalfjörðinn).

## » birta mælir með...

**EYECON Á KASTRUP** Á Kastrup flugvelli má finna stórgóðan veitingastað sem heitir Eyecon. Þeir eru ófáir sem leggja leið sína til eða eiga leið hjá Kaupmannahöfn og gott er að vita af þessum góða veitingastað. Þeir sem þurfa að bíða eftir flugi geta bragðað á stórgóðum Tapasréttum og þeir sem ætla sér að dvelja í Köben geta vel fyllt magann áður en haldið er í bæinn. Munið að bragða á eftirrétunum sem eru gómsætir og fá ykkur einn danskan kaffi latte.



... **FERÐALAGI Í FLJÓTSHLIÐ** Fögur er hliðin sagði Gunnar á Hlíðarenda og þar rataðist honum satt orð á munn. Fallett er í Fljótshlíðinni og þangað er gaman að bregða sér í ferðalag. Í góðu skyggni er útsýni úr Fljótshlíðinni ævintýrlega gott, Eyjafjallajökull og Mýrdalsjökull blasa við. Margt skemmtilegt er hægt að gera, fara í göngutúra, skoða Njáluslóðir svo fátt eitt sé nefnt.

..**PORSKHNAKKA Í MATINN** Af vænum og ferskum fiski er slíkur biti fyllilega á við fille af góðu lambi. Lítið þarf líka að hafa fyrir matargerðinni þegar hráefnið er svona gott. Ein pottþétt leið til eldunar er að þverskera bitann, velta sneiðunum upp úr hveiti og eggji, krydda með salti og pipar og steikja á pönnu í örfáar mínútur. Enn betra er eflaust að sleppa hveitinu og egginu og bregða sneiðunum á grill. Fullkomin máltíð með góðu grænmeti.



## Blikkandi „bling bling“

**NÝTT**

Það eru til ótal leiðir til að ná athygli annars fólks. Ef þú vilt ekki þurfa að stóla á mælsku þína eða töfrandi bros getur þú alltaf gripið til hluta sem blikka, það er óbrigðult. Á vefsíðunni [www.tbuckles.com](http://www.tbuckles.com) er hægt að skoða og kaupa fatnað og vörur sem eiga það sameiginlegt að blikka díóðuljósum sem hægt er að forrita til að stafa kveðjur, nöfn eða upphrópanir sem eiga við sérstök tækifæri. Lyklakippur, hundaólar og bakpokar - allt getur það blikkað.

Á dansgólfinu er fátt svalara en að vera í skyrta eða bol með orðunum „dönsum“ eða „party“ blikkandi á brjóstinu og í brúðkaupi er víðeigandi að vera með beltissylgju sem rennir augljósum staðreyndum á borð við „Jón og Gunna eru að gifta sig!“ um mitti þitt. Og ef það er einhverntímamann ástæða til að klæðast blikkandi fötum, þá er það á jólnum. Ímyndið ykkur bara stuðið ef allir í jólaglögginu væru með jólasveinahúfur með nafni sínu blikkandi í gulum, rauðum eða grænum stöfum.

Það má jafnvel ganga skrefi lengra og forrita húfuna til að blikka „er á lausu - kann að elda.“





# Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttfræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrenslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

## Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 10:00, 16:30 og 18:30 (17:30 á föstudögum)

## Nýtt námskeið hefst 22. maí nk.

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða [nordicaspa@nordicaspa.is](mailto:nordicaspa@nordicaspa.is). Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

N O R D I C A S P A



# MR. SKALLAGRÍMSSON

*Benedikt Erlingsson leikari hefur búið í Danmörku undanfarin ár. Þar hefur hann bæði leikið í mynd leikstjórans Lars von Triers og lagt stund á Eglurannsóknir. Þær eru hluti af undirbúningi sýningar hans um Egil Skallagrímsson.*

Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON  
Myndir: TEITUR

V eðrið var frábært þegar ég keyrði upp í Borgarnes. Glampandi sól og hægur vindur. Ég var kominn til að skoða nýja Landnámssetrið og spjalla við Benedikt Erlingsson leikara og leikstjóra um nýjasta verkefni hans. Ég varð fyrir smá áfalli þegar ég kom á áfangastað. Opna átti safnið eftir tvær vikur og við blasti að verkamenn voru á þönum í hálfkláruðum húsum, planið eitt moldar-

flag og gular vinnuvélar færðu moldarbingi frá einum stað til annars. Ég komst ekki hjá því að velta fyrir mér hvernig þeir ætluðu að klára verkið í tæka tíð. Þarna þyrfti að lyfta grettistaki. En hvaða staður er betur fallinn til þess en Landnámssetrið í Borgarnesi?


## EGILSSAGA SKALLAGRÍMSSONAR

Inni í safninu sjálfu tók Benedikt á móti mér. Hann sýndi okkur húsakynnin og þrátt fyrir spýtnabrák og verkfæri var augljóst að þarna væri á ferð áhugavert framtak. Hans hlutur í opnun setursins 13. maí er frumsýning á nýjum tveggja tíma einleik, Mr. Skallagrímsson, þar sem Egill Skallagrímsson er í aðalhlutverki. Verkið er, eins og gefur auga leið, unnið upp úr Egilssögu Skallagrímssonar.

Það er flókið mál að flytja jafn viðamikla sögu og Eglu á tveimur tímum. Hún er nefnilega, eins og Benedikt orðar það „sjö kvelda saga,“ og án efa telja margir helgisþjöll að halda annað. „Ég ætlaði aldrei að gera Egilssögu og þegar ég gerði Ormstungu með Peter Engkvist og Halldóru Geirharðs nálgadist ég söguna á allt annan hátt en Eglu. Mér fannst ég hafa ýmislegt að sanna varðandi Íslendingasögurnar og frásagnartæknina og ég vildi sýna að hægt væri að leika þetta á galinn hátt og vera með show,“ segir Benedikt.

„Hins vegar er þetta með Mr. Skallagrímsson eiginlega Kjartani Ragnarsyni og Sigríði Margréti að kenna, en þau standa að opnun þessa safns. Þau báðu mig að gera Egilssögu og ég var svo meðvirkur og glaður á þeim tímamarki að ég sagði bara já. Ég hafði lesið Egilssögu einu sinni eða tvisvar og hélt að ég gæti sloppið með að gera einhver highlights upp úr sögunni og vera með klukkutíma sprell. Úrkomar er töluvert öðruvísi en ég hef dregist inn í Egilssögu á mun alvarlegri, en jafnframt skemmtilegan, hátt.“

Benedikt stendur ekki einn að sýningunni. Rétt eins og í Ormstungu leikstýrir Peter Engkvist auk þess sem Ragnar Kjartansson, listamaður og rokkstjarna með meiru, er þeirra hægri hönd við gerð leikmynda og hönnunar á öllu útliti sýningarinnar. Vettvangur leiksýningarinnar er loft



Landnámssetursins. Rýminu ætlar Benedikt að breyta í eins konar baðstofu þar sem áhorfendur sitja sitt hvoru megin við hann á meðan hann segir söguna. Dyr eru á loftinu og vísa þær beint út að Brákarey og Brákarsundi þar sem greyið hún Brák fékk að finna fyrir skapofsa Skallagríms. Þegar Benedikt sýndi okkur útsýnið verð ég að viðurkenna að gula jarðýtan átti alla mína athygli. Margt hefur breyst frá landnámsöld.

#### GÓÐ SAGA FYRR OG NÚ

Það er alltaf gaman að heyra góða sögu. Hvort sem hún er sögð í saumaklúbbi, rituð í tímarit eða lesin úr heimsbókmenntunum. Íslendingar hafa löngum átt mikla sagnahefð sem síðar fékk útrás í bókaskrifum og gerir enn. Áhugi Íslendinga á eigin sögnum ætti því lítið að koma á óvart. „Þetta er sami áhugi og á öllum safaríkum sögum,“ segir Benedikt.

Margir vilja meina að þegar Íslendingasögurnar eru kynntar fyrir börnum og unglingum sé það gert á þann hátt að áhuginn hverfi fljótlega. Því fer ekki fjarri í tilviki undirritaðs. Áhuginn vaknaði ekki fyrr en skólustjórar og stýrur gáfust upp á að troða fróðleiknum inn í allt of lítinn hausinn. Benedikt hins vegar var svo heppinn að eiga afa og ömmur sem sögðu honum Íslendingasögurnar og gerðu þann heim spennandi í augum barnsins. „Til dæmis var afi minn Benedikt mikill Grettissögu maður. Hann sagði mér söguna sem framhaldssögu og ég held í alvöru að hann hafi reynt að leggja hana alla á minnið og geyma hana í munnlegri geymd. Ég er að gera svipaðan hlut. Ég er að munngera söguna aftur en í frásagnartækni reykviðsks brandarakarls því ég er bara strákur úr Þingholtunum. Ég nota frásagnartækni minnar kynslóðar og miða þetta út frá því hvernig ég gæti haldið félögunum á snakki í tvo tíma.“

#### NÝSAGNFESTUMÆÐURINN

Þar sem Benedikt semur einleikinn sjálfur hefur hann lagt töliverðan tíma í undirbúning. Egilssaga er mörgum heilög og því leggur hann mikinn metnað í að vera



trúr sögunni og skila af sér góðu verki. Undanfarin misseri hefur hann búið í Danmörku og þar hefur hann legið yfir Egilssögu. „Ég hef stundað Eglurannsóknir, eins og það er kallað í bransanum. Ég er meira að segja kominn með lykil að Árnastofnun í Danmörku. Þar fæ ég að koma og hitta aðra fræðimenn sem stunda ýmist Eglu-, Njálu- eða einhvers konar miðalda rannsóknir. Þar hef ég komist að því að það sem ég er að gera heitir á fræðimáli re-oralisering,“ segir Benedikt og glottir.

Í þessum rannsóknum hafa víglínurnar verið dregnar milli bókfestumanna annars vegar og sagnfestumanna hins vegar. Bókfestumenn trúa því að um hreinan skáldskap sé að ræða og að sagnfræðilegt gildi sé takmarkað. Sagnfestumenn hins vegar trúa að sögurnar séu sannar heimildir og eigi sér stoð og fyrirmyndir í raunveruleikanum. Benedikt vill meina að hann tilheyri nýjum hóp, svokölluðum ný-sagnfestumönnum. Þeir halda því fram að sögurnar séu afrakstur munnlegrar hefðar en að baki sögunum liggi sagnfræðilegur veruleiki. Sögurnar eru því eins sannar og góðar sögur geta orðið.

Benedikt tekur sem dæmi þetta viðtal. Þegar því er lokið segir hann sínu fólki sína útgáfu af sögunni, á meðan ég geri það nákvæmlega sama. Sögurnar eru ekki eins, en meginatriðin haldast. Við vorum báðir viðstaddir og við fengum okkur kaffi og við ræddum sýninguna. Þegar sagan er færð í prent tekur hún svo enn einu sinni formbreytingum. Þetta hefur strax gerst því Benedikt fékk sér latte á meðan ég fékk mér kaffi. Það er staðreyndamunur þarna á en sagan er enn sönn þrátt fyrir það.

„Auðvitað eru Íslendingasögurnar bókmenntir en þær eru sprottar upp úr endurteknem frásögnum. Þegar þær eru skrifaðar niður er bara ein útgáfa sögunnar fest á blað. Ef munnlega menningin hefði haldið áfram ættum við kannski fleiri útgáfur af sögunum okkar. Það væri kannski einhver maður hérna á Hvítársíðu sem kynni Egilssögu en hefði aldrei lesið bókina. Hann hefði bara lært hana af afa sínum og sú útgáfa innihéldi aðra kafla en sú sem við þekkjum,“ segir Benedikt. Það má því segja að Benedikt sé að klára hringinn. Sagan, sem eitt sinn var sögð mann af manni, var fest á skinnblað og síðan á prent en er nú aftur orðin töluð orð, sögn.

#### SAGNAMÆÐURINN Í OKKUR ÖLLUM

Sá sem lumar á góðri sögu segir hana fyrr eða síðar. Því eru allir sögumenn. Við erum hins vegar mis góðir sögumenn. Benedikt þarf ekki að sækja sína frásagnarhæfileika langt. Báðir foreldrar hans, Erlingur Gíslason og Brynja Benediktstóttir, eru mikið leikhúsfólk. Langafabróðir Benedikts var líka þekktur

sagnamaður. „Eitt sinn ætluðu Ragnar í Smára bókaútgefandi og Halldór Laxness að heimsækja hann og heyra nokkrar sögur,“ segir Benedikt og setur sig í stellingar. „Þeir hleruðu að ef þeir vildu heyra sögur þyrftu þeir að gefa honum brennivínsflösku. Þeir komu með sitt hvora brennivínsflöskuna og héldu að kallinn ætlaði að drekka þær á meðan hann segði sögurnar. Hann tók hins vegar við þeim og setti þær inn í læstan skáp með fullt af öðrum brennivínsflöskum.



*„Ég hef stundað Eglurannsóknir, eins og það er kallað í bransanum. Ég er meira að segja kominn með lykil að Árnastofnun í Danmörku.“*

Þegar því var lokið sagði hann: já, hvað viljið svo heyra. Þá áttuðu þeir sig á því að hann var ekki drykkjumaður heldur atvinnumaður. Hann tók við flöskunum sem borgun og seldi þær svo.“

#### HEIMSVIÐBURÐUR?

Opnun Landnámssetursins og frumsýningin á Egilssögu er stórvíðburður sama hvernig á málið er litið. Rússneska ríkissjónvarpið verður með beina útsendingu frá opnuninni. „Þetta er einhver svona Good morning Russia þáttur og þeir ná víst til 250 milljón manna,“ segir Benedikt og það er greinilegt að honum þykir jafn skondið og öðrum viðstöddum að myndir frá Borgarnesi muni ná inn á milljónir rússneskra heimila.

Á frumsýningardegnum verða tvær sýningar en löngu er uppselt á þær báðar. Frumsýningin er enn fremur opunarviðburður Listahátíðar í Reykjavík. „Þeir fengu ekki Pavarotti til að opna listahátíðina svo þeir fengu mig í

staðinn,“ segir Benedikt og hlær. „Grínlaust þá er opnun setursins stór samfélagslegur viðburður hérna. Þetta er glæsilegt safn, tileinkað bæði landnámi Íslands og Egilssögu og hér á söguloftinu munu sögumenn víðs vegar að koma og segja sögur. Safninu er beint að íslenskum ferðamönnum fyrst og fremst og ég hvet sem flesta til að heimsækja okkur.“

#### ÚTLÖNDIN

Benedikt hefur ekki verið mjög áberandi hér á landi síðustu ár. Ef frá er talin uppsetning Nemendaleikhússins og Borgarleikhússins á Draumleik hefur Benedikt varla komið nálægt sviðinu í nokkurn tíma. „Ég hef búið í Danmörku og er eiginlega orðinn Norðurlandabúi. Ég tók mér meðvitað frí frá leikhúsinu, fannst ég þurfa að stíga aðeins út úr þeim heimi, mennta mig eða fá nýja sýn. Upp á síðkastið hefur Egill átt hug minn allan þó svo að ég hafi haldið framhjá honum með sjónvarps- og kvikmyndaleik,“ segir Benedikt. „Ég lék í sænskum þætti og leikstýrði stuttmynd hérna á Íslandi og nú síðast lék ég í Lars Von Trier mynd.“

Í myndinni leikur Benedikt túlk sem talar viðstöðulaust í tutugu blaðsíður bæði á íslensku og dönsku. Friðrik Þór leikur mann sem fenginn hefur verið til að leika íslenskan viðskiptamann í yfirtökuhugleiðingum. Þetta er gert til að hrista upp í dönum en í senunni óskrar Friðrik á starfsmennina og Benedikt reynir að þýða. Þetta er mjög áhugavert, sérstaklega í ljósi þess að Benedikt getur seint talist sleipur í dönskunni. „Ég tala í raun ekki dönsku heldur einhvers konar skandinavísku. Ég er hins vegar svo heppinn að hafa fengið vinnu út á hversu lélegur ég er í tungumálinu en heimurinn hefur útvegað mér ýmis störf. Ég gekk til talþjálfara í Konunglega danska leikhúsinu, söngvara sem heitir Karl Torup. Þar reyndi ég eins og ég gat að læra að tala rétt. Mér finnst þetta allt mjög merkilegt því fyrstu íslensku leikararnir voru menntaðir í Danmörku, menn eins og Lárus Pálsson og Haraldur Björnsson. Stór partur af þeirra námi var þessi talkennsla því þeir þyrftu að strita við að tala fullkomna dönsku. Mér finnst ég því hafa öðlast ákveðinn skilning á þeirra reynslu,“ segir Benedikt.

Fyrsta hlutverk Benedikts var reyndar ekki á íslensku heldur á þýsku. Þá lék hann í einni senu í Tári úr steini. „Ég vann ekkert annað heilt sumar en að æfa þýskuna en ég held að ég hafi fengið einhverjar fimmtíu þúsund krónur fyrir,“ segir Benedikt og hlær. „En þetta var einn tókudagur í Berlín og ég fékk að vera stjarna í þennan eina dag. Tekið var á móti mér á lestarstöðinni og farið með mig beint á hótelið þar sem dekrað var við mig.“



**SNIÐUGT**

LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér sniðuga lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**



**LÝSING**



Álfheiður Bjarnadóttir starfsstúlka á Hrafnistu barðist af einurð fyrir bættum hag ófaglærðra starfsmanna á hjúkrunarheimilum og hafði betur gegn ríkisvaldinu.

## Standið ykkur, standið ykkur

*„Ég hugsaði með mér að ég hlyti að geta afhent ráðamönnum þessi blöð þótt feimin væri.“*

Við höfum séð hana aftur og aftur í fjölmörgum í vor, einbeittu konuna með rauða hárið sem hvatti starfsfólk á elliheimilunum til setuverkfalla og gaf sig ekki fyrr en kjara-bætur voru í höfn. En hvernig líður henni að loknum þessum átökum?

„Mér líður mjög vel þótt smá þreyta hafi gert vart við sig,“ segir Álfheiður brosandí. „Viðbrögðin hafa líka verið svo góð í samfélaginu og við fundum svo mikinn stuðning. „Standið ykkur, standið ykkur,“ sagði gamla folkið og mörgu af því leið eins og það væri sjálft í baráttunni enda er þetta sú kynslóð sem þurfti að berjast fyrir sínum kjörum og þekkir svona ástand. Aðstandendur báru í okkur alls konar góðgæti til að sýna samstöðu og við fengum kveðjur víða að, meðal annars erlendis frá. Þetta var allt alveg ómetanlegt.“

Álfheiður hlær þegar hún rifjar upp hvernig á því stóð að hún tók að sér forystu fyrir

umönnunarhópin. „Við vorum þrjár sem byrjuðum á að safna undirskriftum og ætluðum að fá okkur talsmann en enginn vildi taka það að sér. Ég hugsaði með mér að ég hlyti að geta afhent ráðamönnum þessi blöð þótt feimin væri. Vissi að fjölmörgar mundu fylgjast með en hélt að það yrði ekkert meira. Það fór nú aðeins öðruvísi því þeir voru yfir okkur alla daga og stundum byrjaðir að hringja hálf sjö á morgnana. Samt er alveg ótrúlegt hvað það hefur angrað mig lítið, meira að segja þótt ég þyrfti að koma í beina sjónvarpsútsendingu.“

### NÓG TIL AF PENINGUM

Sá árangur náðist að hópurinn sem Álfheiður var talsmaður fyrir fær nú sambærileg laun og ófaglærðir starfsmenn á hjúkrunarheimilum borgarinnar. Hún segir það hvergi nærri nóg en vonar að samstaðan sem myndaðist verði enn til staðar þegar kjarasamningar verða





# Barnaborgin Reykjavík

Það er ekki undirbúningur fyrir lífið að vera barn. Það er lífið.

Vinstri-græn leggja áherslu á málefni barna í kosningunum framundan. Við teljum að leikskólinn eigi að vera gjaldfrjálst að fullu frá lokum fæðingarorlofs. Það sama á að gilda um grunnskólann, skólamáltíðir og lengdur skóladagur eiga að vera gjaldfrjálst. Við leggjum líka áherslu á stuðning við móðurmálsumhverfi tvítýngdra barna og við viljum leggja mikið á okkur til að tryggja að börn með fötlun njóti fullra mannréttinda.

## Börnin þurfa á borginni að halda

**vinstri græn - hreinar línur**



**VINSTRIHREYFINGIN**  
grænt framboð

lausir í mars 2008 svo hægt verði að semja ofan á það sem nú fékkst. „Það er greinilega til nóg af peningum í landinu, það er bara ekki farið með þá eins og við vildum gjarnan að væri, til dæmis í að hlúa betur að þeim sem þurfa þess með,“ segir Álfheiður og vill hafa alla lækniþjónustu ókeypis. „Að tala um að fólk geti keypt sig fram fyrir biðlista með peningum er bara eitt það hræðilegasta sem ég hef heyrt,“ segir hún og kveður fast að.

#### VARÐ BARA RAUÐARI OG RAUÐARI

Álfheiður er uppalin í Holtaseli á Mýrum eystra og Hornfirðingar þekkja hana sem Heiðu í Holtaseli. Hún er ein af sjö systkinum og í frændgarðinum eru verkalyóðssinnar og vinstri menn. Gunnar Benediktsson rithöfundur er þeirra þjóðkunnastur. Heiða hleypti snemma heimdraganum og var komin til Reykjavíkur 18 ára en manni sínum Jóhanni Sigurjónssyni málarameistara kynntist hún tvítug að aldri. Fyrsta barnið af þremur fæddist þegar hún var 25 ára og það síðasta eignaðist hún þrítug. Hún kveðst mjög heppin með fjölskylduna og þótt ekki hafi verið auður í búi þá sé hamingja og samheldni þess meiri.

*„Ég fór til Spánar þegar ég var tvítug og þegar samferðafólkið varð brúnna og brúnna varð ég bara rauðari og rauðari.“*

Heiða hefur ekki á samviskunnri að hafa eytt gjaldeyri þjóðarinnar í utanlandsferðum því aðeins einu sinni hafa þau hjón farið saman til útlanda, það var fyrir þremur árum og þá til Kanarí. Það kveikti samt í þeim þannig að nú eru þau á leið til Ítalíu í sumar. Álfheiður hlakkar til, segir þau ætla að halda sig fjarri helstu ferðamannastöðum og að strandlíf sé ekki á dagskránni. „Ég fór til Spánar þegar ég var tvítug og þegar samferðafólkið varð brúnna og brúnna varð ég bara rauðari og rauðari,“ segir hún hlajandi. „Mér finnst samt skárra að fá freknurnar heldur en að vera alveg hvít,“ bætir hún svo við.

#### TRÁÐKAÐ Á RÉTTI FÓLK

Hrafnista varð vinnustaður Álfheiðar um áramótin 2004 og þar segir hún gott að vera.



„Ég var búin að vera við umönnunarstörf á sjúkrahúsinu á Patreksfirði í tíu ár svo ég vissi alveg út í hvað ég var að fara þegar ég hóf störf á Hrafnistu. Það er æðislegt að vera þar, gott fólk að vinna með og skemmtilegur mórall.“

Að lokum berst talið að launamálum á ný og misrétti í þjóðfélaginu. Álfheiði finnst alveg út í hött að breyta 1. maí í einhvern blöðru- og fjölskyldudag eins og raddir heyrast um.

„Menn skulu aðeins athuga af hverju 1. maí varð dagur verkalyóðsins og hvað liggur þar að baki, áður en þeir taka hann af okkur. Reyndar er búið að traðka á ýmsu því sem barist var fyrir á síðustu öld því það er illa farið með marga. Hér viðgengst launaleynd og jafnaðarkaup sem hvergi er getið í samningum. Auðvitað græða atvinnurekendur á þessu, annars mundu þeir ekki bjóða upp á það,“ segir hún ákveðin og það látum við verða lokaorð.



# TÍMI TIL AÐ LIFA

Markmið fjölskyldustefnu Sjálfstæðisflokksins er að auka **val, gæði og árangur** í allri þjónustu Reykjavíkurborgar og fjölga tækifærum fjölskyldna til samverustunda - þannig að allir geti notið lífsins í Reykjavík.

Foreldrar hafi val um dagvistun fyrir börn sín frá því fæðingarorlofi lýkur · 25% lækkun leikskólagjalda 1. september 2006 · foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barn í leikskóla samtímis · forvarnir verði hluti af öllu skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar · foreldrar hafi aukið val um grunnskóla · börn geti lokið tólmundastarfi í hverfinu innan hefðbundins vinnutíma · opnu og grænu svæðin í borginni fái nýtt líf · fegrunar- og hreinsunaráttak · hverfalöggæsla efla

Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á [betriborg.is](http://betriborg.is)

# Fagleg og lögleg þjónusta í boði


Löggild menntun snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð.

Meistara- og sveinsbréf staðfesta að þinn snyrtifræðingur sé með löggild réttindi sem fagmaður. Eru þau sýnileg á þinni snyrtistofu?

Þú ert í öruggum höndum snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga og þú finnur okkur á Meistarinn.is.



*Félag íslenskra  
snyrtifræðinga*





### 101 Reykjavík

Snyrtistofan Ágústa, Hafnarstræti 5, sími 552 9070  
SPA feegurð, Laugavegi 96, sími 511 6660  
Snyrtistofan Jóna, Tryggvagötu 28, sími 552 5005

### 103 Reykjavík

Snyrtimiðstöðin - Lancome, Kringlunni 7, sími 588 1990

### 104 Reykjavík

Snyrtistofan Eygló, Langholtsvegi 17, sími 553 6191

### 105 Reykjavík

Baðhúsið - snyrtistofa, Brautarholti 20, sími 561 5100  
Snyrtistofan Paradís, Laugarnesvegi 82, sími 553 1330

Snyrtistofan Helena fagra, Laugavegi 163, sími 561 3060  
Snyrtistofan Gyðjan, Skipholti 50d, sími 553 5044  
Laugar Spa snyrti- og nuddstofa, Sundlaugavegi 30a, sími 533 1177

### 108 Reykjavík

Snyrtistofan Ársól, Efstalandi 26, sími 553 1262  
Snyrtistofan Dekurhornið, Faxafeni 14, sími 567 7227  
Guinot-MCstofan, Grensásvegi 50, sími 568 9918

### 110 Reykjavík

Snyrtistofan Greifynjan, Hraunbæ 102c, sími 587 9310

### 111 Reykjavík

Þú um þig snyrtistofa, Lúhólum 2-4, sími 557 5959

### Kópavogur

Snyrtistofan Rós, Engihjalla 8, sími 554 0744  
Snyrtistofan Hrund, Grænatúni 1, sími 554 4025  
Snyrtistofan Jóna, Hamraborg 10, sími 554 4414  
Snyrtistofan Dís, Smiðjuvegi 4, sími 554 0079

### Garðabær

Snyrtistofan Garðatorgi, Garðatorgi 7, sími 565 9120

### Hafnarfjörður

Snyrtihornið, Miðvangi 41, sími 552 1200  
Snyrtistofan Carita, Dalshrauni 11, sími 555 4250  
Snyrtistofan Lipurtá, Staðarbergi 2-4, sími 565 3331  
Snyrtistofan Þema, Dalshrauni 11, sími 555 2215

### Reykjanesbær

Snyrtistofan okkar, Starmóum 14, sími 421 6352  
Snyrtistofa Huldu, Sjávargötu 14, sími 421 1493

### Mosfellsbær

GK snyrtistofa, Kjarna - Þverholti 2, sími 534 3424

### Norðurland

Snyrtistofan Vita Liberata, Sunnhlíð 12, Akureyri, sími 468 1588  
Gínó snyrtistofa, Hornbrekkuvegi 16, Ólafsfirði, sími 862 0466

### Suðurland

Snyrtistofa Ólafar, Austurvegi 9, Selfossi, sími 482 1616  
Nudd- og snyrtistofa Lilju, Dynskógum 6, Hveragerði, sími 483 4535

### Vestmannaeyjar

Snyrtistofa Ágústa, Hilmisgötu 2a, sími 481 2268

## Fallegt grænmeti fyrir augað

Grænmeti og ávöxtum er gjarnan stillt upp í skálar til skrauts, og er þá litirnir og formin augnayndi. Notagildið leynir sér þó ekki.

Pistilhjörtu og eggaldin eru framarlega í flokki fegurðar en eru ekki síðri þegar kemur að því að nota þau í eldamenskuna.

### Pistilhjörtu í parmesanlagaðri smjörsósu

Auðveld sósa og fljótleg en ekki endilega sú fituminnsta! Það er í lagi stöku sinnum, en þessi sósa er frábær með öllu pasta. Hana er líka hægt að bera fram sem lasagna í eldföstu móti, smyrja

hana á milli laga, og nota hefðbundna béchamel-sósu í botninn og á efsta lagið. Fyrir þá sem gera pastað sitt sjálfir og fylla það, þá er þetta upplagt í fyllingu ef rjómanum er sleppt.

#### FYRIR FJÓRA

150 g smjör  
hálfur hnefi fersk basilíka eða 6 salvúblöð (eftir smekk hvers og eins)  
1/2 tsk. salt  
1/4 tsk. pipar  
örlítið múskat, rifin fersk hneti eða tilbúið malað  
1 b pistilhjörtu, niðursoðin í vatni  
3/4 b rjómi  
1/3 b rifinn parmesanostur



Bræðið smjörið á pönnu við vægan hita. Setjið basilíku eða salvú saman við og látið malla í tvær mín. Skerið pistilhjörtun aðeins niður á meðan og setjið síðan á pönnuna, saman við smjörið. Hrærið. Látið malla í aðrar tvær mín. Hellið rjómanum yfir og látið malla við vægan hita þar til blandan hefur soðið niður um einn þriðja og þykknað aðeins. Stráið þá parmesanostinum yfir sósunu og látið hann bráðna, hrærið að því loknu. Smakkið til með múskati, salti og pipar. Berið fram með því að blanda örlítilli sósu saman við pastað og setja síðan meira ofan á hvern disk.



# Bonomi kaffihús

## OG GLÆSILEG VERSLUN

Bonomi kaffihúsinn er staðsett um víða veröld og eru þekkt fyrir að vera alvöru kaffihús sem bjóða aðeins upp á gæðakaffi fyrir þá kröfuhörðustu.

KAFFIBÚÐIN umboðsaðili Bonomi og Quick Mill kaffivéla hefur nú opnað glæsilega verslun og kaffihús í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Við bjóðum að sjálfsögðu upp á eðal kaffi frá Bonomi sem gefur unaðslegan eftirkeim, einnig baunir sem hægt er að fá malaðar á staðnum.



## PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



Glæsileg ítölsk gjafavara; kaffibollar, tebollar, morgunverðarsett og ótal margt annað fallegt.



## PROFESSIONAL



# K A F F I B Ú Ð I N

HAMRABORG 1-3 · 200 KÓPAVOGI · S: 554 6054



## Ofnbakað eggaldin með ríkotta osti og mosarella

Ríkulegur grænmetisréttur sem getur hæglega verið borinn fram einn og sér með brauði og

salati, sem forréttur, með fleiri réttum á hlaðborði, kjöti eða fiski. Nánast hverju sem er.

### FYRIR SEÖ

4 eggaldin, skorin langsum í 1/2 cm þykkar sneiðar  
1 msk. salt  
1/2 b extra virgin ólífuolía  
3 msk. furuhnetur, ristaðar  
4 b ríkotta ostur  
2 egg  
1 kúla mosarella, skorinn í teninga  
4 msk. rifinn parmesanostur  
hnafi fersk basilíka, fint skorin  
2 b niðursoðnir tómatar, saxaðir  
salt og svartur pipar

Leggið eggaldinsneiðarnar á disk og stráið yfir þær salti. Látið liggja í 15 mín. en þurrkið þá saltið af þeim og þerrið sneiðarnar. Penslið þær síðan með ólífuolíu og grillið á grilli, grillpönnu eða steikið á pönnu í um 4 mín. á hvorri hlið. Ristið furuhneturnar á pönnu þar til gullnar, um 5 mín. Kælið. Hrærið ríkotta og eggjunum vel saman. Bætið þá fint skornum mosarella saman við, parmesanosti, furuhnetum og basilíku. Setjið rúmlega matskeið af ostablöndunni á hverja eggaldinsneið og rúllið þétt upp. Leggið í eldfast mót. Hellið niðursoðnum tómötum yfir rúllurnar, saltið og piprið. Bakið við tvö hundruð gráður í um 15-20 mín. eða þar til rúllurnar hafa hitnað vel í gegn. Berið fram heitt.



# Chile dagar

í vínbúðum 9. maí - 10. júní

*Sérblað um vín*

CHILENO:

## *Gripandi glæsilegt útlit*

London er almesti suðupunktur vínmenningar í dag og einn kröfuharðasti markaður heims fyrir ný vín. Þau verða að hafa leitthvað til brunns að bera til að lifa af hjá breskum neytendum. Ekkert Chile vín hefur vaxið jafn hratt uppá síðkastið í heimborginni London og hið nýja vín frá Chile sem ber einfaldlega nafnið Chileno.

Vínin hafa alla þá kosti sem góð vín þurfa að hafa til að ná í gegn til neytenda. Gripandi glæsilegt útlit, ferskan blæ, fallegan lit og frískan ávöxt. Nýi-heimurinn ens og hann gerist bestur. Aðeins eru notaðar bestu þrúgur frá bestu svæðum Maipo, Rapel, Colchagua, og Central Valley. Þegar víngerðarmaðurinn Felipe Tosso fer fögrum höndum um þrúgur frá þessum gæðasvæðum þá er ekki að sökum að spyrja.

Chileno Cabernet Merlot og Chileno Chardonnay Sauvignon Blanc eru fyrst og fremst fersk og ávaxtarík vín sem sem gaman og gott á að vera að dreyfa á með flestum mat og við öll góð tilefni.

**Kynningarverð á Chiledögum 890 kr.**





SANTA RITA:



## Kennt við 120 uppreisnarmenn

Santa Rita 120 vínlínan hefur sögulega tilvísun í sjálfstæðisbaráttu Chile. Snemma á 19. öld, er landsmenn reyndu að komast undan ofríki spænsku krúnunnar, földu 120 hermenn uppreisnarmanna sig í kjöllurum víngerðarinnar og herjuðu þaðan á hermenn Spánarkonungs. Voru hermennirnir 120 undir stjórn hershöfðingjans Bernardo O'Higgins, sem varð einn af leiðtogum landsins er það hlaut sjálfstæði.

Á Chiledögum í Vínúðum eru nokkur vín sem valin hafa verið á sérstakan lista og eru eingöngu fánleg á þemadögnum. Eitt þeirra vína er Santa Rita Cabernet Sauvignon Rose. Þykir afar gott rósavín, höfugt, þurr, ferskt. Sælgætiskennndur berjaraúði og lauf. Þrjú önnur vín úr 120 línunni eru á kynningarverði á Chiledögum og eru þau eftirfarandi:



### Santa Rita 120 Chardonnay

Er með bestu kaupum á markaðnum að mati Morgenavisen í Danmörku.

Afbragðs fordrykkur.

Kynningarverð á Chiledögum  
1.090 kr.



### Santa Rita 120 Cabernet Sauvignon

Frísklegt og ávaxtaríkt vín sem er tilvalið í útleiguna og með grillinu.

Kynningarverð á Chiledögum  
990 kr. í 750 ml flöskum og  
290 kr. í 187 ml flöskum



### Santa Rita 120 Merlot

Grösugur og góður ilmur, bragðmikið, mjúkt með bökuðum sólberjakeim.

Kynningarverð á Chiledögum  
1.090 kr.





MONTES:

## Í hópi vinsælustu vína á Íslandi

Montes er eitt þekktasta vínfyrirtæki Chile og hefur lagt áherslu á gæði frekar en magn. Vín frá Montes eru í hópi vinsælustu Chile-vína hér á Íslandi og jafnframt í hópi vinsælustu vína yfirhöfuð enda Chile það land sem Íslendingar kaupa einna mest af vínum frá. Fyrirtækið er kennt við aðalvíngerðarmann þess, Aurelio Montes en hann er almennt talin vera einn allra bestu víngerðarmaður Chile, leiðandi í þeirri byltingu sem hefur orðið í Chilenskri víngerð síðustu 20 árin. Montes var kjörin víngerðarmaður ársins af félögum sínum árið 1995. Vínin frá Montes hlotið einróma lof allra helstu vintímarita og vinsérfræðinga heims.



### Montes Chardonnay Reserve

Vínið einkennist af hitabeltisá-vöxtum, ananas og mjúkri smjörkenndri vanillu úr eikartunnunum. Ungt er það ferskt og þægilegt en verður flóknara og margþættara með árunum.

**Kynningarverð á Chiledögum**  
1.060 kr.



### Montes Cabernet Sauvignon Reserve

Hefur verið geymt um nokkuð skeið í eik og hefur kraftin og bygginguna þaðan. Mjúkt engu að síður en og vaninn er með cabernet vínin frá Montes.

**Kynningarverð á Chiledögum**  
1.090 kr.



### Montes Merlot Reserve

Merlot-vín eru þegar best lætur flauelsmjúk og þægileg og víngerðarmenn í Chile hafa náð miklu út úr þessari þrúgu, sem hentar vel ljósu kjöti og ekki síst grilluðum fiskréttum.

**Kynningarverð á Chiledögum**  
1.090 kr.





CASTILLO DE MOLINA:

## Fékk háa einkunn í virtu vintímariti

San Pedro er eitt kunnasta vínfyrirtæki Chile og það fyrirtæki sem flytur næst mest af vínunum til útlanda. Fyrirtækið á á þriðja þúsund hektara af ræktuðum vínið í öllum helstu vínhéruðum Chile. Svæðin eru fjölbreytt og hvert þeirra gefur af sér vín sem draga keim af svæðinu. Hin frábæru skilyrði frá náttúrunnar hendi auk vingerðarfólks í fremstu röð hafa gert það að verkum að San Pedro vínin eru til í yfir 70 löndum í öllum heimsálfum. Fyrirtækið framleiðir fjölmörg kunn vín, má nefna Gato Negro, Gato Blanco, 35 South, 1865 (sem kennt er við árið sem Albano-bræðurnir stofnuðu fyrirtækið), Cabo De Hornos og vínið sem hér er til umfjöllunar, Castillo De Molina. Vínin hafa hlotið fjölmörg verðlaun, má nefna að Castillo De Molina Cabernet Sauvignon hefur unnið til verðlauna og fékk nýverið 87 punkta hjá hinu virkta vintímariti -Wine Spectator.



### Castillo De Molina Cabernet Sauvignon

Djúpur og dökkur litur með svartfjólubláan blæ. Í lykt má greina klassískan cabernet-pípar, súkulaði og eik og mjög mjúkan villiberjakeim sem er að þroskast í flöskunni. Í bragði eru mjúk tannín áberandi, fínleg eik, súkkulaði og brómber. Þessa víns er best að neyta innan fimm ára.

**Kynningarverð á Chiledögum**  
1.150 kr.



### Castillo De Molina Chardonnay

Fölgult vín sem angar af suðrænum ávöxtum, ristaðri eik og karamellu. Braðið einkennist af fínlegum ávöxtum. Mjúkt og þægilegt vín sem þolir vel geymslu í tvö til þjú ár.

**Kynningarverð á Chiledögum**  
1.150 kr.



# Aðstoðum ykkur við smærri og stærri útskriftarveislur



*Snittur, ostabakkar, osta og salami veisla.*



OSTABÚÐIN *Delicatessen*


Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík – Pöntunarsími: 562 2772

# Rauður heillar augað

Hollywood stjurnar vita hvernig á að vekja á sér athygli, og að þessu sinni nota þær rauða litinn óspart til að fá allra augu til að beinast að sér. Rauði liturinn er mjög heitur um þessar mundir, allt frá eldrauðum upp í dimmrauðan og vínráuðan. Síðkjólar eru áberandi og kjólar með víðu pilsí í anda fimmta áratugarins. Kona í rauðum kjól virðist ósigrandi og oftar en ekki afar heillandi - enda hver kannast ekki við eitís smellinn „The lady in red.“ Rauður er litur valdsins, ástarinnar og kynþokkans. Besta leiðin til að skera sig úr fjöldanum er að vera í eldrauðum kjól. Sumir eru þó hræddir við eldrauða litinn, og því er hægt að tempra hann aðeins með því að leyfa honum að njóta sín í varalitnum eða í skónum.

Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES  
Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR

Victoria Beckham í eldrauðum fiftís kjól. Minnir dálítið á kjólinn hennar Sögu Beinteins þegar hún söng lagið Eitt lag enn.



Þessi kjóll er flottur á brasilísku þokkadísinni Gisele Bündchen.



Tískudrottningin Sarah Jessica Parker í ótrúlega smart kjól, eftir hönnuðinn Alexander McQueen.



Tori Spelling er sæt í dúkkulegum kjól. Þokapilsin eru vinsæl í sumar og hefur Tori ekki látið það framhjá sér fara.



Ofurfyrirsætan og leikkonan Amber Valetta í rauðum silkikjól með austurlensku mynstri.



Charlize Theron í íburðarmiklum vínráuðum kjól með demantsnælu og armband.



Senubjófurinn Dita Von Teese skartar hér vínráuðum síðkjól með fjöðrum.

# SUMARSKÓRNIR



**ILSE JACOBSEN • Hornbæk**

Garðatorgi GARDABÆ

SÍMI 517-4806

# Flottir jakkar í sumarblíðunni!



*KISS - Kringlunni*  
Kr. 5.990

## Kynning



Ef það er eitthvað sem fylgir sumrinu þá eru það þunnir, fínir jakkar og kápur sem og auðvitað opnir skór og kjólar. Gallajakarnir koma alltaf sterkir inn á þessum árstíma sem og stuttir sporttýpu jakkarnir sem henta vel svona hversdags.

Punnar hnésíðar kápur fylgja einnig tískunni þetta árið með belti um mittið sem og jakkar af fínni gerðinni í mittissídd.



*Galleri 17 - Kringlunni*  
Kr. 7.990



*NEXT - Kringlunni*  
Kr. 7.490



*Centrum - Kringlunni*  
Kr. 14.999







Noa Noa - Kringlunni  
Kr. 10.990



Kultur - Kringlunni  
Kr. 19.990



Deres/Diesel - Kringlunni  
Kr. 15.990



Gallabuxnab ðin - Kringlunni  
Kr. 9.900. Stórar stærðir



NEXT - kringlunni  
Kr. 7.390



KISS - Kringlunni  
Kr. 3.900. Til í svörtu, br nu & ljósu



NEXT - Kringlunni  
Kr. 7.990



Benetton / Sisley - Smáralind  
Kr. 12.695 - til í svörtu, br nu & ljósu



Spúútnik



Belleville



Gleraugsmiójan



Spúútnik



Isis



Gleraugsmiójan



Hygea



Vinkonurnar og mega skutlurnar Taryn Manning og Nicole Richie eru greinilega alveg með sólgleraugnatískuna á hreinu.

# Fersk og formfögur sólgleraugu

Sólgleraugu virðast alltaf vera að fá meira og meira vægi í sumartískunni og eru í dag orðin lífsnauðsynlegur fylgihlutur. Stór gleraugu virðast vera lang vinsælust um þessar mundir en þó virðist sem hin frægu pung sólgleraugu séu að fara úr tísku. Í staðinn er mest leitað til tískustraua sjötta, sjöunda, áttunda og níunda áratugarins, ekki ósvipað því sem er að gerast í flestum öðrum tískugeirum. Umgjardirnir skipta orðið höfuðmáli og oft litasamsetning þeirra. Einfaldir litir eins og svartur og hvítur eru þó hvergi nærri úr tísku. Þvert á móti virðist hvítur vera að sækja í sig veðrið og svartur er alltaf töffaralegur. Annars gildir sama reglan um sólgleraugun og allt annað. Lykilatriði er að finna sér gleraugu við sitt hæfi og sinn stíl.

# Njarvörur

Part á laugardaginn kl. 14



GYLLTI KÖTTURINN

**Opið alla daga – einnig sunnudaga**

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 101 REYKJAVÍK 5340005



**Sigríður B. Tómasdóttir**  
elur upp

## Leikfangafli ð

Herbergi sonar míns er fullt af dóti. Hann er bara sextán mánaða gamall en á alls kyns dótari, smátt sem stórt og ágætis bókasafn er í uppsiglingu. Hann hefur að sjálfsögðu ekkert vit á þessu, finnst raunar alveg jafn gaman að leika sér með plastbox úr eldhússkápnnum og finu lestina sem hann á. Ég flutti heilan dótakassa upp í geymslu um daginn, ákvað að grynka aðeins á draslinu og tók því mesta smábarnadótið upp. Þegar í geymsluna var komið virti ég alla dótakassana fyrir mér. Þeir eru nefnilega þó nokkuð margir.

Þar eru kassar með dóti sem ég átti þegar ég var lítil. Ójá, ég hef haldið til haga dóti síðan ég var lítil. Mér þótti vænt um dótið mitt og tímdi alls ekki að henda því þegar ég var að losa foreldra mína við það, mér fannst líka svo spennandi að komast í gamalt dót þegar ég var lítil að ég hugsaði með mér að mín börn hlytu að vera sama sinnis. Fyrir utan mitt dót er líka að finna dót frá systursyni mínum í geymslunni. Hann er nú ekki líkur frænku sinni og bast því dótinu sínu ekki tilfinningalegum böndum. Hafði raunar ekki mikinn áhuga á því og sumt lítur svo vel út að ég efa að hann hafi nokkurn tímann leikið sér að því. Litli strákurinn minn mun auðvitað njóta góðs af þessu nema ég ákveði að losa mig við allt dótið í geymslunni.

Ég er nefnilega farin að efast um hvort ég eigi að geyma öll þessi leikföng nú þegar Tómas litli er sjálfur farinn að safna birgðum af dóti. Lappalausar barbíðukkur eru líklega ekki svo spennandi nú á tímum offramleiðslu á öllum hlutum. Og lúin púsluspil ekki heldur. Ofgnóttin af dóti er svo mikil í dag að hann á eftir að eignast mikið af spennandi dóti, sem eflaust tekur slitnu dúkkunum fram.

Ég ætla samt alveg örugglega að halda upp á bóka-kassana mína. Ég átti svo margar sælustundir við bóklestur að ég mun alltaf vilja eiga uppáhaldsbækurnar. Þó ekki væri nema til að lesa þær sjálf á góðri stundu. Ég er svo gömul að ég á engar barna-myndir í kössum, en mér skilst að óhjákvæmilega muni sonurinn vera kominn með myndarlegasta safn af DVD og vídeóspólum innan örfárra ára. Einhvern veginn þarf ég að koma böndum á dótáflóðið. Ekki vil ég að sonurinn verði ofdekraður snáði en ég kann varla við að banna dótakaup með öllu. Meðalvegurinn gullni á greinilega við hér sem annars staðar.



## Börn í bílum

Á sumrin getur verið gaman að ferðast um landið með fjölskyldunni en oft verða börnin óþolinmód þegar þau þurfa að sitja lengi í bíl. Gott getur verið að taka nesti með í ferðalagið því stundum orsakast pirringurinn eingöngu af hungri. Mikilvægt er þó að nestið sé hollt og gott því ef börnin eru vön hollu mataræði heima fyrir, geta þau fengið í magann af einhverju skyndibitafæði og orðið ennþá pirraðri fyrir vikið.

